



Moldun

Snert hörpu mína himinborna dís
svo hlusti englar Guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjararstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjaþyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar Guðs í Paradís.

Atli Heimir Sveinsson – Davíð Stefánsson



Blessun

Eftirspil

Undir bláhimni
Joe Llyons – Sam C. Hart



Prestur: Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson
Organisti: Eyrún Jónasdóttir
Kórsöngur: Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna
Einsöngur: Bjarni Atlason og Guðlaugur Atlason
Umsjón: Fylgd

*Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug.
Viðstöddum er boðið að þiggja kaffiveitingar að athöfn
lokinni í félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.*



Hrafnhildur Svava Jónsdóttir

Fædd 5. nóvember 1934

Dáin 15. desember 2024

Útför frá Skálholtsdómkirkju
laugardaginn 4. janúar 2025

Jarðsett verður í Hrepphólakirkjugarði

Forspil

Heyr himna smiður

Forkell Sigurbjörnsson - Kolbeinn Tumason


Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphelðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

L. Mason - Adams / Matthías Jochumsson



Ritningarorð

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má nærðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vega
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

Margrét Scheving - 23. Davíðssálmur

Guðspjall

Einsöngur

Hallelúja

Leonará Cohen - Atli Guðlaugsson

Minningarorð

Einsöngur

Íslenska konan

Billy Joel - Ómar Ragnarsson

Bæn - Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

P. C. Krossing - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

P. C. Krossing - Matthías Jochumsson

